

von-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– ég vona að vorið komi bráðum

‡ vána • von, vonbrigði, vonlaus « óttast

auðveld-ur *lo – gulum*
[-, auðvelt; -ari, -astur]

– þetta er auðvelt verkefni

‡ auðveldr • auðvitað » einfaldur « erfiður

hrædd-ur *lo – gulum*
[-, hrætt; -ari, -astur]

– ertu hræddur við drauga?

‡ hræddr

erfið-ur *lo – gulum*
[-, erfitt; -ari, -astur]

– er erfitt að læra íslensku?

‡ erfiðr • erfiðleiki « einfaldur, auðveldur

laun *hk ft – hús*

– ég er með góð laun

‡ » kaup

vinkon-a *kv – stofa*
[-u, -ur]

– Sigga er vinkona mín

‡ • vinur, kona, vinátta, vinsæll

hjón *hk ft – hús*

– hjónin í næsta húsi eru orðin gömul

‡ • hjónaband

þakk-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– ég þakka fyrir (mig)

‡ • takk

plata *kv – stofa Ö*
[plötu, plötur; [ef.ft] platna]

– platan á skrifborðinu er ljót

‡

brauð *hk – hús*
[-s, -]

– ég kaupi brauð í bakaríinu

‡

reikn-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– þau reikna öll dæmin

‡ • reikningur

umræð-a *kv – stofa*
[-u, -ur]

– umræðan snerist um skólamál

‡ umræða • ræða (no), ræða (so), samræða

fátæk-ur *lo – gulum*
[-, -t; -ari, -astur]

– foreldrar hennar voru mjög
fátækir

‡ fátæktr • fár, tekjur, örfár, fáeinir

bjalla *kv – stofa Ö*
[bjöllu, bjöllur]

– skólinn byrjar þegar bjallan
hringir

‡

húsgögn *hk ft – hús*

– íbúðin er full af húsgögnum

‡ • hús, gagn; gegna

log-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– það logar á kertinu

‡